

TTAR-

5. árg. 1. töl.

Maí 1989

PÓSTURINN

Gleðilegt sumar

Það er farið að vora og þegar svo er komið lætur **Ættarpósturinn** ekki á sér standa frekar en vant er. Á þeim árstíma vaknar hann af værum blundi og minnst þeirrar merku ættar sem kend er við Skógargerði og ritstjórinn fer að raula þá frægu vísu sjera Gríms sem svo byrjar:

Í Skógargerði eg var ung

Af ýmsum ástæðum þykir fara best á því að birta aðeins fyrstu ljóðlínuna. - Þar að auki er sosum ekkert sjerlega vorlegt nú um stundir en það stendur til bóta. ÆP kemur æfinlega með sól og sumar.

Ritstjórninni þykir hafa verið heldur dauft yfir Skógargerðisættinni. Þrátt fyrir áskoranir í síðasta blaði hefur ekki heyrst í fólki svo orð sé á gerandi. Efni blaðsins ber náttúrlega vott um þetta og verður með nokkuð hefðbundnu sniði. Við munum gera grein fyrir stöðu mála í endurgerð gamla hússins og skógræktin skipar veglegan sess

Ættarmót 90

Að því er stefnt að halda næsta ættarmót sumarið 1990 og fer nú að stytast í það. Nákvæm dagsetning liggur ekki fyrir en trúlega verður þessi mannfagnaður haldinn í júlímánuði. Er því hér með beint til fólks að fara að hugsa um þetta. Tillögur um dagsetningar yrðu vel þegnar. Látiði nú í ukkur heyr!

Af húsviðgerðum

Hvað hefur verið gert?

Á síðastliðnu sumri var gert stóráttak í endurgerð gamla hússins að innanverðu en áður hafði það verið gert fokhelt, veggir bættir og gluggar endurnýjaðir. Margir lögðu hönd á plóginn í fyrrasumar. Ber þar fyrstan að nefna Þorvald Kristmundsson, þann kunna arkitekt, en hann skipulagði og teiknaði innréttingar af skynsemi og smekkvísi. Þegar til framkvæmda kom varð einna drýgstur hlutur þeirra bræðra Stefáns, Hermanns og Smára Hermannssona.

Stefán byggingameistari stjórnaði af röggsemi smíði á austurenda neðri hæðar og vann að því verki af kappi ásamt Hermannni. Gekk það verk svo fljótt og vel að undrum þótti sæta. Munaði þar kanski mestu að þeir bræður höfðu skipulagt verkið af kostgæfni. Smári kom svo til skjalanna og kom reiðum á rafmagnsleiðslur allar af sínum alkunna dugnaði, lagði sjálfur til allt efni af mikilli rausn. Þeim bræðrum er hjer með þökkun þeirra frammistaða.

Ekki má samt gleyma hlut Víkings verkefnastjóra en að öðrum ólöstuðum hefur hann lagt fram mesta vinnu. Hann vann með þeim bræðrum að innréttingu neðri hæðar og einnig að gerð snyrtiherbergis og margháttuðum endurbótum í kjallara hússins. Hann hefur einnig haft umsjón með endurbótum á vatnsleiðslu og frárennsli en þar lögðu þeir bræður Baldur og Páll Pálssynir sitt af mörkum. Þá ber að geta þess að Gísli Marinósson smíðaði og gaf nýja útidyrstur sem nú er komin á sinn stað og lofar þar meistarans hendur.

Af þessari lýsingu má ráða að húsið hefur tekið miklum stakkaskiptum, einkum neðri hæð og kjallari: Nýtt eldhús, borðstofa og stofa, snyrtiherbergi með sturtubaði, nýir stigar milli hæða. Þetta er ekki svo lítið. Og það þýðir að húsið er nú vel íbúðarhæft. Gistirými hefur um leið aukist talsvert.

Hvað er framundan?

Þó að mikið hafi áunnist er samt margt eftir að gera. Verður það nú tífundað hér í nokkrum liðum og byrjað innanhúss.

1. Standsetning herbergis á neðri hæð (gamla eldhússins).
2. Standsetning Baðstofu á efri hæð (gólf og tréverk á vegg).
3. Frágangur við glugga í herbergjum efri hæðar (tréverk).

Og þá koma utanhússvandamálin:

4. Ganga þarf frá veggjum (múrverk og e.tv. málningarvinna).

Á þessari upptalningu má glöggst sjá að margt handtakið er eftir við þetta gamla góða hús. Þeir sem gætu hugsað sjer að taka einhver handtök í sumar verða af-skaplega vel sjeðir gestir. Einsog áður verður Víkingur

verkefnastjóri og geta menn haft samband við hann (Hamrafell 3 í Fellum. Sími 97-11938) eða menn geta haft tal af ritstjóra ÆP. Sá kostur er svo enn til að athuga kassann hjer fyrir neðan.

Útibú Búnaðarbánka Íslands á Egilsstöðum: Byggðingarsjóður c/o Víkingur Gíslason, Hamrafelli 3 701 Egilsstaðir. Reikningsnúmerið er 241207 (gullbók).

Af skógræktarmálum

Hjer kemur pistill frá skógræktarstjóra ættarinnar, Helga Ómari Bragasynti [stafsetning færð að reglum ritstjóra]:

Ættarrjóðrið

1984-1985 var sett upp rammgerð girðing í Skógargærðislandi og var ætlunin að innan hennar gætu ættmennirnir ræktað skóg sér til ánægju og yndisauka. Nú í vor eru fjögur ár síðan land þetta var alfriðað fyrir bitvargi og jafnlángt síðan plöntun hófst (ættarmótsárið).

Stofnaður var sérstakur skógræktarsjóður til að fjármagna plöntukaup og lögðu ýmsir ónefndir aðilar til hans rausnarlega. Plöntun hafa annast sumardvalargestir í Skógargærði svo og Skóggerðingar á Hjeraði.

Nú hafa verið settar niður alls um 10 þúsund plöntur, aðallega lerki en einnig lítið eitt af greni, furu og birki. Skipuleg plöntun hófst 1987 þarsem tekið var fyrir ákveðið svæði innan girðingar og sett niður lerki í beinum röðum. Þetta er yst í landinu og hugsað sem skjólbelti fyrir skógrækt komandi ára. Hjer og þar í girðingunni eru svo ýmsir "lundir" með mörgum tegundum, nokkurskonar tilraunareitir.

Hver er árángurinn?

Eðlilega hafa orðið nokkur afföll af plöntum og sumar tegundir staðið sig betur en aðrar. Plöntur frá 1985 eru heldur fáar sjenar en stærsta lerkiplantan mældist þó um 50 sm há sl. haust; greni dafnar vel og jafnvel fura þótt vaxtarhraði hennar sje afar lítill. Fróðlegt verður að fylgjast með lerkiplöntum frá 1987 sem settar voru niður kerfisbundið án tillits til landskosta og reyndar yfirleitt í heldur rýran jarðveg.

Mesta athygli vekur hvaða áhrif friðunin hefur haft til breytingar á gróðurfari innan girðingar. Blómplöntur ýmsar þjóta upp svo sem beitiylng. Þó kemur kannski mest á óvart hve sjálfsáíð birki verður meir og meir áberandi með hverju ári. Síðastliðið sumar mældust alt að 70 sm. langir birkisprotar.

Ekkert bendir til annars en að þetta land sé sæmilega til skógræktar fallið en helsti ókostur er hve berskjaldað svæðið er fyrir norðaustan-áttinni sem getur orðið ærið nöpur á vorin.

Verður eitthvað gróðursett í sumar?

Ekki eru góðar horfur með plöntun í ár því skógræktarsjóðurinn tæmdist gjörsamlega á síðasta sumri. Einginn mundi eftir honum árið 1988 (Þess ber að geta að 1987 var plantað fyrir um 45 þús. krónur en 1988 fyrir um 54 þús. krónur).

Ef einhverjir hinna mörgu og dyggu lesenda ÆP [Athugið að hjer er átt við sjálfa Skógargerðisættina] vilja stuðla að uppveksti ættarreitsins er um tvær leiðir að velja: að koma með plöntur og setja sjálfir niður ellegar þá að leggja fé til plöntukaupa inn á reikning sjóðsins: **Gullbók 241127** í útibúi Búnaðarbankans á Egilsstöðum. Þeir sem vilja koma með plöntur og setja þær niður eru beðnir að hafa samband við "skógræktarstjóra" (sími 97-11979).

Með laufljettri vorkveðju og von um skógsælt sumar. - hób.

Látum ekki okkar hlut eftir liggja! Eflum ættarreitinn í Hjöllunum við Fljótið! Hvirgi í heimi gerast vordagar bjartari og einginn veit nema Ormurinn láti á sjer kræla einhvurn góðviðrisdaginn í júní. ÆP hvetur til átaks í skógræktarmálum. Þar getur ættin sameinast í verðugu verkefni.

Rödd ættarinnar

Þættinum hefur borist - ekkert - bréf og verður það birt hjer óstytt [0]. Umsjónarmaður þáttarins þakkar undirtektir ættarlima og vonar bara að leti þeirra sje eingaungu bundin við pennann og öflugt starf birtist í hús- og skógræktarmálum. Ætli ég fylli ekki uppí þetta nánasarlega pláss sem þættinum er úthlutað með smálimru í tilefni af bjórkömu.

Af því bjórin nú loks er í landinu
og ljett af er hafta bandinu
en þamb ei í hóf sett
og þéttsetin klósett
verður þjóðin að vaða í hlandinu

Að lokum vill umsjónarmaður þakka samstarf í liðnum tölublöðum en líklega er þetta síðasti þátturinn sem hann sér um vegna flutninga til útlanda. Óskar hann eftirmanni sínum farsældar í starfi. - ósi.

Ættarpósturinn. Ritstjórn: Indriði Gíslason, Barmahlíð 32, 105 Rvík (ábm). Ritstjórnarfulltrúi: Helgi Ómar Bragason, Smárahvammi 1c, Fellabæ, 701 Egilsstaðir. Umsjónarmaður dálks: Ólafur Skúli Indriðason.